

46 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurbjargar Einarsdóttur, Þingeyri við Dýrafjörð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. marz 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Sigurbjargar Einarsdóttur, Þingeyri við Dýrafjörð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurbjargar Einarsdóttur, fædd 3. sept. 1881, fluttist til Þingeyrar árið 1896, dáið 29. sept. 1953.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 17. febr. 1957 af sonum hinnar látnu: Adolf Sigurðssyni, Axel Sigurðssyni, Gunnari Sigurðssyni, Ingólfi Sigurðssyni, Tryggva Sigurðssyni og ekkju Einars heit. Sigurðssonar, Guðfinnu Hallgrímsdóttur, með kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónum — í tilefni af 50 ára afmæli kvenfélagsins Von, Þingeyri, 17. febr. 1957, en Sigurbjörg var ein af stofnendum félagsins og heiðursfélagi þess.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að vera kvenfélaginu Von til styrktar í menningar-, mannúðar- og líknarstörfum, sem það beitir sér fyrir.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur —, sem leggja skal inn í sparisjóð Þingeyrarhrepps, úr sjóðnum er félaginu heimilt að verja allt að þrem fjórðu af tekjum hans árlega. En aldrei má skerða stofnfé hans.

5. gr.

Til sjóðsins skulu renna allar minningargjafir, sem kvenfélagið Von fær og hlutaðeigendur tilgreina eigi að fara til annars.

Skrá skal allar gjafir í sjóðinn í sérstaka bók.

6. gr.

Stjórn kvenfélagsins Von tekur á móti væntanlegum gjöfum til sjóðsins og hefur reikningshald hans á hendi.

Hætti kvenfélagið Von störfum, rennur eign sjóðsins óskipt til Þingeyrarkirkju.

7. gr.

Reikningár sjóðsins er almanaksárið og skal reikningur hans vera gerður fyrir janúarlök ár hvert.

8. gr.

Endurskoða má skipulagsskrá þessa þegar þurfa þykir, en aldrei má skerða aðaltilgang hennar, sbr. 3. grein.

Þingeyri, 20. febr. 1959.

F. h. gefenda

Sigurður Jóhannesson.

F. h. Kvenfél. Von, Þingeyri.

Erla Sveinsdóttir, formaður. **Hulda Sigmundsdóttir**, ritari.

Ingunn Angantýsdóttir, gjaldkeri.